

FRÁSÖGN

af fundum sendinefndar þingmannanefndar EFTA í Hanoi 22.-25. febrúar 2011

Dagana 22.-25. febrúar heimsótti sendinefnd þingmannanefndar EFTA Hanoi, höfuðborg Víetnam. Markmið heimsóknarinnar var að eiga viðræður um ávinning hugsanlegs fríverslunarsamnings EFTA og Víetnam við þarlenda þingmenn og stofnanir og liðka fyrir því að formlegar samningaviðræður geti hafist. Af hálfu Íslandsdeildar þingmannanefndar EFTA áttu sæti í sendinefndinni þau Árni Þór Sigurðsson formaður og Þorgerður K. Gunnarsdóttir, auk Stígs Stefánssonar ritara.

Fríverslunarsamningum hefur fjölgað ört á undanförunum árum. Með aukinni svartsýni á að árangur náist í Doha-samningalotu Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (WTO) hafa fleiri samtök ríkja og einstök lönd beint sjónum sínum að gerð tvíhliða fríverslunarsamninga. EFTA hefur verið í fararbroddi á þessu sviði og eru gildir fríverslunarsamningar EFTA við ríki utan Evrópusambandsins (ESB) nú 22 talsins. Engin ríkjasamtök hafa náð meiri árangri í gerð fríverslunarsamninga að ESB undanskildu. Þingmannanefnd EFTA hefur á undanförunum árum stutt dyggilega við gerð fríverslunarsamninga samtakanna og hefur beitt sendinefndum og þingmannaheimsóknum til þess að kynna og afla stuðnings við gerð fríverslunarsamninga EFTA.

Forsaga heimsóknar sendinefndarinnar til Hanoi er sú að í maí 2010 var sérstakur vinnuhópur EFTA-ríkjanna og Víetnam settur á stofn til að gera hagkvæmnisathugun á mögulegum fríverslunarsamningi milli landanna. Niðurstaða athugunarinnar lá fyrir 17. febrúar sl. og leiddi í ljós að slíkur samningur yrði hagfelldur fyrir báða aðila. Það er vilji EFTA-ríkjanna að hefja formlegar fríverslunarviðræður sem fyrst en eins og fyrr sagði var eitt markmið heimsóknarinnar að liðka fyrir því að formlegar viðræður geti hafist.

Gestgjafi heimsóknarinnar var víetnamska þingið. Sendinefndin átti fundi með eftirtöldum aðilum meðan á heimsókninni stóð: Nguyen Duc Kien, varaforseta víetnamska þingsins; Vu Viet Ngoan, varaformanni efnahagsnefndar þingsins; Ngo Quan Xuan, varaformanni utanríkismálanefndar þingsins; Nguyen Duc Kien, aðstoðarráðherra í iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti; og fulltrúum samtaka fiskframleiðenda í Víetnam. Auk þess átti sendinefndin undirbúningsfund með sendiherrum Noregs og Sviss í Hanoi.

Í málflutningi þingmanna EFTA á fundunum var hnykkt á fáum en skýrum skilaboðum í þeim tilgangi að liðka fyrir samningaviðræðum. Þau voru meðal annars að EFTA-ríkin eru áreiðanlegur samstarfsaðili sem reynir eftir fremsta megni að setja sig í spor og aðstæður viðsemjenda sinna og taka mið af efnahagslegum markmiðum þeirra þegar kemur að fríverslunarviðræðum. Ef horft er yfir tilurð og sögu fríverslunarsamninga EFTA-ríkjanna við ríki utan ESB sést að EFTA-ríkin búa yfir miklum sveigjanleika til að koma samningum í höfn. Metnaðarstig samninga þeirra sem EFTA-ríkin gera við samstarfsríki sín tekur mið af aðstæðum hverju sinni og ef horft er til þeirra 22 samninga EFTA sem í gildi eru nú, spanna þeir allt frá einföldustu vöruskiptasamningum til flókinna samninga sem einnig taka til þjónustu, ríkisinnkaupa, tæknilegrar aðstoðar á sviði umhverfisverndar og þar fram eftir götunum. Þá var undirstrikað að EFTA-ríkin leggja þunga áherslu á sjálfbæra þróun. EFTA-ríkin horfa jákvæðum augum til þess hve miðlæg umhverfisvernd er í öllum helstu stefnumiðum víetnamskra stjórnvalda eins og þau voru fram sett á nýloknu flokksþingi kommúnistaflokksins í lok janúar. Loks hafa EFTA-ríkin skuldbundið sig til að veita Víetnam viðurkenningu sem „markaðshagkerfi“, í skilningi reglna WTO, í síðasta lagi við fullnustu fríverslunarsamnings milli EFTA og Víetnam. Þetta atriði er Víetnömum sérlega mikilvægt en þegar Víetnam gerðist aðili að WTO var ríkið ekki viðurkennt sem markaðshagkerfi og samkvæmt reglum stofnunarinnar þurfa önnur aðildarríki ekki að viðurkenna Víetnam sem slíkt fyrr en 2018.

Boðskapur þessi féll í góðan jarðveg hjá viðræðuaðilum í Hanoi. Þeir virtust sér í lagi ánægðir að heyra það staðfest frá þingmönnum frá EFTA-ríkjunum að EFTA væri sveigjanlegur viðsemjandi sem tæki mið af aðstæðum viðsemjenda sinna og væri ekki með fyrir fram skilgreind stefnumið þegar kæmi að markmiðasetningu slíkra fríverslunarsamninga. Ber þetta e.t.v. að skoðast í því samhengi að ESB og Víetnam eiga einnig í þreifingum um hugsanlegar fríverslunarviðræður nú um stundir og er umfangsmikil könnun á efnahagslegum snertiflötum ESB og Víetnam í gangi, en nálgun ESB við slíka vinnu er stífari og í fastari skorðum en hjá EFTA. Þá verður að undirstrika hversu mikilvægt það er í augum Víetnama að EFTA-ríkin hafi skuldbundið sig til að viðurkenna Víetnam sem „markaðshagkerfi“ í skilningi reglna WTO.

Frekari upplýsingar má nálgast hjá ritara Íslandsdeildar og á vefsvæðinu www.efta.int.